

Sjálfbærar norðurslóðir

Samstarfsáætlun um
málefni norðurslóða
2022–2024



Efnisyfirlit

Markmið	3
Framtíðarsýn okkar 2030 markar stefnuna	4
Málaflokkar í samstarfsáætluninni um málefni norðurslóða 2022-2024	9
Skipulag	11

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:

<https://pub.norden.org/politknord2021-736>



Ljósmynd: Salvör Gissurardóttir

Markmið

Stór hluti Norðurlanda er á norðurslóðum og Norðurlöndin hafa sögulega séð bæði saman og hvert í sínu lagi lagt sitt af mörkum til að koma málefnum svæðisins á framfæri á alþjóðavettvangi.

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða hefur í þessari vinnu um áratugaskeið stuðlað að aukinni þekkingu á umhverfi, atvinnulífi og félagslegum aðstæðum á svæðinu.

Samstarfsáætlunin gegnir því mikilvægu hlutverki í vinnu að því að efla norrænt og alþjóðlegt samstarf á norðurslóðum. Samstarfsáætlunin 2022–2024 er sú níunda í röðinni síðan 1996 og sú fyrsta undir merkjum *Framtíðarsýnar okkar 2030*. Tímabil áætlunarinnar hefur verið stytta úr fjórum í þrjú ár í því skyni að fylgja tímaáætlun framkvæmdaáætlunarinnar fyrir framtíðarsýnina 2021–2024.

Megináhersla áætlunarinnar er sjálfbær þróun. Norðurslóðir er svæði sem er í stöðugri mótun þar sem þörf er fyrir meðvitað og kerfisbundið samstarf sem miðar að þróun sem byggir á friði, stöðugleika, verndun, hagvexti og velmegun. Norðurskautið er svæði sem í senn þarf að varðveita og þróa. Með áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu hefur Norræna ráðherranefndin með samstarfsáætlun sinni um málefni norðurslóða á markvissan hátt lagt af mörkum til verkefna og aðgerða á vegum Norðurskautsráðsins.

Málefnum norðurslóða hefur smátt og smátt verið augin og nær nú bæði til aðgerða og aðlögunar varðandi loftslagsbreytingar. Hún leggur einnig áherslu á tengslin við lífskjör íbúanna, þar á meðal óskina um áframhaldandi sjálfbæra efnahagsþróun og bættum atvinnutækifærum, nýsköpun og frumkvöðlastarfi ásamt menntun og þróun þekkingar.

Breidd áætlunarinnar og geta samstarfsins til að ná til lítilla aðila og hagsmunaaðila á norðurskautssvæðinu veitir samstarfinu styrk. Um leið eru einstakar aðgerðir í samstarfsáætluninni markvissar og nægilega skýrar til að geta lagt beint af mörkum til almennra markmiða um sjálfbæra þróun á svæðinu.

Samstarfsáætlunin greiðir fyrir samstarfi í því skyni að leggja af mörkum til beinna lausna á viðfangsefnum og þörfum norðurslóða. Hún myndar grunn að áframhaldandi stofnun og rekstri tengslaneta og vettvangs til fundarhalda sem geta stuðlað að hreyfanleika, samþættingu og miðlun reynslu á viðeigandi sviðum.



Ljósmynd: Visit Faroe Islands

Framtíðarsýn okkar 2030 markar stefnuna

Samstarfsáætlanir og aðgerðir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar stuðla að framkvæmd *Framtíðarsýnar okkar 2030*, um að Norðurlöndin verði sjálfbært og samþætt svæði á heimsmælikvarða fyrir árið 2030. Samstarfsáætlunin um málefni norðurslóða stuðlar að því að ná þremur stefnumarkandi áherslum um græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd, og einnig markmiðunum 12 í framkvæmdaáætlun árána 2021–2024 til að uppfylla *Framtíðarsýn okkar 2030*.

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi. Það munum við gera með því að:

- efla rannsóknir og þróun auk þess að vinna að lausnum sem stuðla að kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun á meðal annars sviði samgöngumála, bygginga, matvæla og orkumála;
- eiga þátt í að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum;
- efla sjálfbært hringrásarhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakefni og auðlindanýtnar og eiturefnalausar hringrásir á Norðurlöndum;
- auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur með sameiginlegum aðgerðum um sjálfbæra neyslu;
- stuðla að jákvæðri þróun alþjóðasamstarfs um umhverfis- og loftslagsmál, t.a.m. með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víðar um heim.

Stefnumarkandi áherslusviðið *Græn Norðurlönd* tengist einkum eftirfarandi heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030: 6, 7, 11, 12, 13, 14 og 15.



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu. Það munum við gera með því að:

- styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á öllum Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi;
- þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálsa för á Norðurlöndum;
- njóta góðs af stafrænum umskiptum og menntun til að binda Norðurlöndin enn sterkari böndum.

Stefnumarkandi áherslusviðið *Samkeppnishæf Norðurlönd* tengist einkum eftirfarandi heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030: 4, 8, 9 og 11.



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð. Það munum við gera með því að:

- stuðla að því að allir fái notið góðrar heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veitt er á jafnréttisgrundvelli og með tryggju aðgengi;
- beita okkur fyrir því að allur almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og vinna gegn því að umskiptin auki ójöfnuð í samfélaginu;
- veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi, einnig að auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu frændþjóðanna;
- viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, þátttöku allra, jafnræði og tjáningarfrelsi.

Stefnumarkandi áherslusviðið *Félagslega sjálfbær Norðurlönd* tengist einkum eftirfarandi heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030: 3, 5, 10 og 16.



Framtíðarsýn okkar 2030





Ljósmynd: Visit Faroe Islands

Málaflokkar í samstarfsáætluninni um málefni norðurslóða 2022–2024

Norræna ráðherranefndin vinnur með 17 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 sem hluta af framtíðarsýninni. Í samstarfsáætluninni um málefni norðurslóða 2022–2024 eru heimsmarkmiðin leiðandi fyrir vinnuna eins og fram kemur í áherslunum hér á eftir. Um leið hefur áætlunin þó einnig skýra skírskotun til Framtíðarsýnar okkar 2030 með áherslu á þrjá þætti: félagslega sjálfbærni, umhverfismál og efnahagsmál.

Þessar áherslur taka mið af þróun að því er varðar:

- Jörðin/umhverfismál (PLANET)
- Íbúarnir (PEOPLE(S))
- Hagvöxtur og velmegun (PROSPERITY)
- Sérstök áhersla verður lögð á að skapa þessa þróun í samstarfi og alþjóðlegri samvinnu (PARTNERSHIPS).

Á þennan hátt stuðlar áætlunin að því að uppfylla Framtíðarsýn okkar 2030 og til að ná fram undirmarkmiðunum 12 í framkvæmdaáætluninni. Samstarfsáætlunina um málefni norðurslóða ber einnig að skoða í samhengi við þverlæga stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi jafnréttismál og málefni barna og ungmenna.

Í forgangsverkefninu **PEOPLES** eiga eftirfarandi sjálfbærnimarkmið við um samstarfsáætlunina um málefni norðurslóða: Heimsmarkmið 3 (heilsa og vellíðan), heimsmarkmið 4 (góð menntun), heimsmarkmið 5 (jafnrétti kynjanna), heimsmarkmið 11 (sjálfbærar borgir), heimsmarkmið 16 (traustar stofnanir) og heimsmarkmið 17 (samvinna um markmiðin).

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða munu ofangreind sjálfbærnimarkmið í málaflokknum PEOPLES verða nýtt til að greiða fyrir og efla samstarfsverkefni og samskipti á eftirtöldum sviðum:

- Frumbyggjar og nærsamfélög
- Lífskjör fjölskyldna, einkum barna og ungmenna
- Jafnrétti og hlutverk kynjanna
- Heilbrigðismál og félagslegar aðstæður
- Rannsóknir, menntun og færniþróun
- Samstarf þjóða, grasrótarsamstarf og samstarf frjálsra félagasamtaka ásamt þróun borgaralegs samfélags með tilliti til þess að efla friðsamleg lýðræðissamfélög með þátttöku

allra.

Í forgangsverkefninu **PLANET** eiga eftirfarandi sjálfbærnimarkmið við um samstarfsáætlunina um málefni norðurslóða: Heimsmarkmið 6 (hreint vatn), heimsmarkmið 7 (sjálfbær orka), heimsmarkmið 11 (sjálfbærar borgir), heimsmarkmið 13 (loftslagsaðgerðir), heimsmarkmið 14 (líf í vatni), heimsmarkmið 15 (líf á landi) og heimsmarkmið 17 (samvinna um markmiðin).

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða munu ofangreind sjálfbærnimarkmið í málaflokknum PLANET verða nýtt til að greiða fyrir og efla samstarfsverkefni og samskipti á eftirtöldum sviðum:

- Nýskapandi lausnir á sviði sjálfbærrar orku
- Sjálfbærar borgir og borgarþróun
- Sjálfbær nýting og notkun auðlinda hafsins
- Viðurkenning á mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og breytinga
- Minnkun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun að breyttu loftslagi og öflug/traust samfélög

Í forgangsverkefninu **PROSPERITY** eiga eftirfarandi sjálfbærnimarkmið við: Heimsmarkmið 2 (útrýma hungri), heimsmarkmið 4 (góð menntun), heimsmarkmið 7 (sjálfbær orka), heimsmarkmið 8 (góð atvinna og hagvöxtur), heimsmarkmið 9 (nýsköpun og uppbygging), heimsmarkmið 11 (sjálfbærar borgir), heimsmarkmið 12 (ábyrg neysla og framleiðsla) og heimsmarkmið 17 (samvinna um markmiðin).

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða munu ofangreind sjálfbærnimarkmið í málaflokknum PROSPERITY verða nýtt til að greiða fyrir og efla samstarfsverkefni með áherslu á sjálfbært atvinnulíf og hagvöxt til hagsbóta fyrir frumbyggja og samfélög þeirra á norðurskautssvæðinu á eftirtöldum sviðum:

- Nýsköpun og frumkvöðlastarf, þar á meðal menntun í nýsköpun/frumkvöðlastarfsemi og rekstri sprotafyrirtækja
- Stafræn væðing
- Rannsóknir og þróun atvinnulífs
- Arftekin þekking og staðbunding þekking
- Þróun atvinnutækifæra á svæðinu
- Mikilvægi menningarinnar fyrir sjálfbæra framtíð á norðurskautssvæðinu
- Hentugar atvinnugreinar á norðurskautssvæðinu, þar á meðal ferðaþjónusta, matvælaframleiðsla, matarmenning og útflutningur á mat.

Í forgangsverkefninu **PARTNERSHIPS** eru mest viðeigandi sjálfbærnimarkmiðin tvö, 16 og 17, sem virka sem tæki til aukinnar samvinnu og þróunar samstarfs á norðurskautssvæðinu með áherslu á:

- Hreyfanleiki og samstarf yfir landamæri
- Uppbygging þekkingar og samstarf ólíkra aðila og stofnana
- Samstarf hins opinbera og einkageirans og frjálsra félagasamtaka



Ljósmynd: brandnorway.no

Skipulag

Norrænu forsætisráðherrarnir bera meginábyrgð á norrænu samstarfi. Í raun er ábyrgðinni framvísað til samstarfsráðherra Norðurlanda (MR-SAM) og til Norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK) sem sér um samræmingu samstarfs norrænu ríkisstjórnanna frá degi til dags.

Norræna ráðherranefndin var stofnuð árið 1971 og er þrátt fyrir heiti sitt í raun ekki ein ráðherranefnd heldur fleiri. Nú starfa 11 fagraráðherranefndir auk ráðherranefndar samstarfsráðherranna. Ákvarðanir í norrænu ráðherranefndunum skulu samþykktar einróma.

Samstarf um málefni norðurslóða er liður í alþjóðastarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, sem svo aftur er á verksviði samstarfsráðherranna.

Viðmið

Samstarfsverkefni eiga fyrst og fremst að stuðla að og veita aðstoð við framkvæmd og þróun hnattrænnar sjálfbærniáætlunar norðurskautssvæðisins með tilliti til sýnilegs svæðisbundins og staðbundins árangurs. Framtíðarsýn okkar 2030 er einnig mikilvægt tæki í þessu starfi.

Meginreglan er sú að þrjú norræn ríki eigi að taka þátt í samstarfsverkefni. Alþjóðlega samvinnu þriggja norrænna ríkja má auka með einum eða fleiri samstarfsaðilum utan Norðurlanda, til dæmis einu eða fleiri af hinum norðurskautsríkjunum (Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi). Í mati á verkefnum verður lögð áhersla á að samstarfsverkefni

- stuðli að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum og að þau uppfylli eitt eða fleiri af markmiðunum 12 í framkvæmdaáætluninni um *Framtíðarsýn okkar 2030*;
- sýni sannanleg jákvæð áhrif með sameiginlegum norrænum/norðurskautssvæðis- lausnum (umfram verkefni sem unnið er í hverju landi fyrir sig);
- skili sýnilegum svæðisbundnum og staðbundnum árangri á norðurskautssvæðinu;
- sýni fram á og/eða þrói norræna/norðurskautssvæðis- samkennd;
- auki norræna færni og samkeppnishæfni;
- skapi nýja þekkingu og/eða nýja alþjóðlega samvinnu, sem skapar nýja og nýskapandi nálgun við þróunina á norðurskautssvæðinu;
- taki tillit til frumbyggja og staðbundinnar þekkingar;
- stuðli að auknum norrænum heildaráhrifum á alþjóðavettvangi;
- séu kynnt út á við og gerð sýnileg;
- leggi af mörkum til þverlægra áætlana Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsárið fyrir fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar er almanaksárið.

Fjárhagsáætlunin fyrir samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða fylgir föstum verkferlum fjárlagavinnu Norrænu ráðherranefndarinnar. Fjárhagsáætlunin hljóti formlegt samþykki á árlegu þingi Norðurlandaráðs í viku 44 ár hvert.

Fjárhagsáætlun samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða skiptist í tvo almenna hluta:

1. Pólitískur forgangshluti sem veitir löndunum forgangsrétt og tækifæri til að hrinda af stað pólitískum forgangsverkefnum.
2. Umsóknarhluti sem er opinn öllum umsækjendum sem uppfylla markmið áætlunarinnar og uppfylla þau skilyrði sem sett eru hverju sinni.

Árlegar fjárveitingar í samstarfsáætlunina um málefni norðurslóða og skipting fjárveitingar í tvo hluta munu koma fram í samþykkttri fjárhagsáætlun á fjárhagsári hverju sinni.

Umsýsla

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á samstarfsáætluninni um málefni norðurslóða og þar með talinni framkvæmd og umsjón með áætluninni. Skipuð verður norræn ráðgjafarnefnd um málefni norðurskautssvæðisins, Norræn ráðgjafarnefnd norðurskautssvæðisins (NRKA) til að aðstoða við árlega framkvæmd samstarfsáætlunarinnar um málefni norðurslóða, auk þess sem hægt er að bjóða út umsjón opnu umsóknarlotunnar fyrir samstarfsáætlunina um málefni norðurslóða. Frekari upplýsingar um stjórnun og umsjón með samstarfsáætluninni um málefni norðurslóða er að finna á vefsíðu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ef frekari almennar upplýsingar óskast um samstarfsáætlunina um málefni norðurslóða er hægt að hafa samband við alþjóðateymi skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og hlutaðeigandi ráðgjafa fagsviðsins.

Um þessa útgáfu

Sjálfbærar norðurslóðir

Samstarfsáætlun um málefni norðurslóða 2022–2024

PolitikNord 2021:736

ISBN 978-92-893-7165-0 PDF

ISBN 978-92-893-7166-7 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2021-736>

© Norræna ráðherranefndin 2021

Umbrot: Mette Agger Tang

Kápumynd: Unsplash (pdf), Visit Faroe Island, Mads Schmidt Rasmussen

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

Tenging samstarfsáætlunarinnar við Framtíðarsýn okkar 2030

Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að framfylgja Framtíðarsýn okkar 2030 um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Í samstarfsáætluninni er greint frá því hvernig sviðið mun vinna með hinar þrjár stefnumarkandi áherslur og stuðla að því að markmiðin tólf í framkvæmdáætlun 2021–2024 náist svo uppfylla megi Framtíðarsýn okkar 2030.

[Nánar á \[norden.org\]\(http://norden.org\)](http://Nanar.á.norden.org)